

Umhverfisstofnun
Áb. <u>ABB</u> <u>ABG</u>
11. apríl 2016
<u>08.08.01</u>
Tilv. <u>UST101603-010</u>



Akureyrarbær - Framkvæmdadeild
Geislagötu 9
600 Akureyri

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 31. mars 2016
Tilv.: UMH16030003/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 29. febrúar 2016 um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir rekstur Malbikunarstöðvar Akureyrarbæjar, á meðan unnið er að gerð nýs starfsleyfis. Fram kemur í framangreindu erindi að starfsleyfi fyrir starfsemi malbikunarstöðvarinnar hafi runnið út 1. júní 2015. Segir að rekstraraðili hafi þegar sótt um nýtt starfsleyfi með umsókn, dags. 28. nóvember 2014. Ráðuneytið hafi veitt undanþágu sem rann út 1. mars 2016.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.


Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 15. mars 2016, og þar staðfestir stofnunin að rekstraraðili hafi sótt um nýtt starfsleyfi til stofnunarinnar og að umsóknin sé til meðferðar hjá stofnuninni. Hvorki hafi verið skráð frávik né athugasemdir í starfsemi rekstraraðila í eftirlitsskýrslur, dags. 8. september 2014 og 4. nóvember 2015. Umhverfisstofnun telji rétt að ráðuneytið veiti rekstraraðila undanþágu frá starfsleyfi á meðan unnið er að nýju starfsleyfi rekstraraðila. Rekstraraðili fylgi áfram ákvæðum núgildandi starfsleyfis. Að öllu jöfnu ætti nýtt starfsleyfi rekstraraðila að verða tilbúið næsta haust. Ekki bárust athugasemdir frá Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.


Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita Malbikunarstöð Akureyrarbæjar tímabundna undanþágu frá starfsleyfi að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 8. október 2004 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 31. desember 2016.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurbjörg Sæmundsdóttir


Íris Bjargmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra